Tillaga
Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins

Ársfundur Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) samþykkir að stjórn samtakanna skipi sérstaka nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga sem fái það hlutverk að kanna og koma með tillögur til úrbóta um starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í ljósi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og sérstaks vinnuhóps um starfshætti og siðferði um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna. Nefndin skili skýrslu til stjórnar LL sem kynni hana fyrir aðilum vinnumarkaðarins og leggi fyrir ársfund LL á árinu 2011 ásamt tillögum sínum um hvernig við henni skuli brugðist.

Nefndin taki sjálf ákvörðun um hvernig hún hagar störfum sínum, þar á meðal um nánari afmörkun viðfangsefnisins, en mikilvægt er að könnuð verði sérstaklega samskipti einstakra lífeyrissjóða við bankakerfið síðustu árin fyrir hrun þess í ljósi ásakana um óeðlileg áhrif á fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Nefndin skal byggja störf sín í meginatriðum á þeim lærdómum sem vinnuhópur um starfshætti og siðferði sem starfaði með Rannsóknarnefnd Alþingis telur að draga megi en þeir eru:

- *Standa verður vörð um sjálfstæði lífeyrissjóðanna svo þeir geti sem best sinnt því meginhlutverki sínu að ávaxta lífeyri landsmanna. Dæmi eru um að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna hafi átt í vök að verjast gagnvart þrýstingi fyrirtækja, einkum þar sem margir félagar þeirra voru við störf. Huga þarf að því hvernig hægt er að verja stjórnarmenn gegn slíkum þrýstingi.*
- *Vönduð umræða þarf að fara fram um fjárfestingarstefnu sjóðanna í framtíðinni í ljósi þess taps sem þeir standa frammi fyrir, þar sem m.a. verði rætt um að hve miklu leyti þeir fjárfesti erlendis og hér á landi og hvernig þeir þjóna almannahagsmunum sem best.*
- *Setja þarf siðareglur um starfsemi lífeyrissjóðanna þar sem tekið er á samskiptum starfsmanna við fyrirtæki.*

Sérhverjum, jafnt einstökum starfsmönnum og einstökum lífeyrissjóðum, er skylt að verða við kröfu starfshópsins um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hann fer fram á. Synjanir skulu sérstaklega rökstuddar og þeirra getið í niðurstöðum hópsins.

Starfshópurinn skiptir sjálfur með sér verkum. Við ákvarðanir starfshópsins um framkvæmd könnunarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum eða skýrslum hópsins skal geta þess ágreinings í bókun.

Sérstaklega skal samið um þóknun fyrir störf í starfshópnum og greiðist allur kostnaður af störfum hans af LL.

Reykjavík 18. maí 2010

Greinargerð

Meginhluti íslenska lífeyriskerfisins hvílir á kjarasamningabundnum réttindum, þar sem aðilar vinnumarkaðarins mynda félagspólitíska bakhjarl sjóðanna þar sem stjórnarmenn lífeyrissjóðanna eru kjörnir. Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) bera jafnframt frumábyrgð á stofnun, rekstri og framtíð almennu lífeyrissjóðanna og leggja grunn að starfsemi þeirra með kjarasamningum sín í milli.

Í 8 bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað um lífeyrissjóðina og í fyrsta kafla um *„Siðferði fjármálalífsins og starfshætti banka“* er sérstaklega vikið að þeim. Á bls. 76-77 er að finna sérstakan kafla um ályktanir og lærdóma sem draga megi. Þar segir m.a:

„Margt er óljóst um stöðu lífeyrissjóðanna og starfshætti þeirra en málefni þeirra kalla á sérstaka rannsókn og greiningu sem ekki var unnt að gera af rannsóknarnefnd Alþingis. Síðasti áratugur hefur verið lærdómsríkur fyrir alla þá sem leitt hafa lífeyrissjóði landsmanna og það er áríðandi að vönduð umræða fari fram um hlutverk þeirra í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu.“

Ljóst er að framtíð lífeyriskerfisins hvílir á trúverðugleika þess gagnvart sjóðsfélögum og almenningi. Mikilvægt er að taka fyrrgreindar ábendingar alvarlega og hvílir sú skylda á bakhjörlum sjóðanna að bregðast við þessu. ASÍ og SA vilja með tillögu sinni um skipan sérstakrar nefndar hafa frumkvæði að því að verða við ákalli þessu um sérstaka rannsókn og greiningu á starfsháttum og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna og stuðla þannig að því að vönduð umræða fari fram um hlutverk þeirra í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu.

Skipan og störf nefndarinnar eru í samræmi við a-c lið 3.gr. stofnsamþykkta LL þar sem segir um hlutverk þess:

a) Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
b) Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
c) Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.